




Skólaráðsfundur 9. desember 2014

Mættir voru:

Fyrir Njarðvíkurskóla: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Ástríður Sigurðardóttir kennari, Guðjón Sigbjörnsson kennari, Jenný Magnúsdóttir fulltrúi foreldra og formaður foreldrafélagsins, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir fulltrúi foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Kristján Carlsson Granz foreldri, Hulda María Þorbjörnsdóttir starfsmaður, og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari). Ólafur Eyjólfsson fulltrúi úr grenndarsamfélaginu mætti ekki og Gabríel Sindri Möller formaður nemendafélags skólans og Hera Sóley Sölvadóttir varaformaður nemendafélags skólans boðuðu forföll.

1. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir þær skimanir og könnunarpróf sem lögð eru fyrir í skólanum og hvernig er unnið með niðurstöður. Hún ítrekaði að þegar niðurstöður eru ekki nógu góðar þá er gripið til aðgerða sem bæði skóli og foreldrar vinna saman að. Kristján Granz spurði hvort letrið í þeim tölvukönnunum sem lagðar eru fyrir (t.d. logos) sé ekki örugglega letur sem nemendur eiga auðvelt með að lesa.
2. Ásgerður fór yfir niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk sem voru lögð fyrir í september 2014. Niðurstöður hjá okkar nemendum eru mjög góðar og í sumum tilfellum langt fram um áætlaðan árangur skv. framtíðarsýn. Umræða varð um hvort hækka ætti viðmiðið í framtíðarsýn skólans miðað við góðan árangur. Fram kom hjá foreldrum í skólaráði að þeir voru ánægðir með hversu vel kennurum tókst að halda nemendum rólegum í undirbúningi prófsins sem hefur örugglega áhrif á hversu vel nemendur stóðu sig.
3. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, fór yfir Sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2013-2014 og helstu niðurstöður úr skýrslunni. Ákveðið að fundarmenn fái kynninguna senda í tölvupósti.
4. Ásgerður ræddi um væntanlegan niðurskurð hjá öllum stofnunum Reykjanesbæjar. Skólastjóri skilaði inn til fjármálastjóra áætlun um niðurskurð en endanleg ákvörðun um hversu mikið skal sparað hefur ekki borist. Ásgerður fór yfir að þó niðurskurður hefur áhrif á skólastarf þá mun það ekki bitna á lögbundinni þjónustu.
5. Ásgerður sagði frá góðum styrk sem skólinn fékk frá Kvenfélaginu Njarðvík til kaupa á saumavélum fyrir textílmenn. Búið er að kaupa saumarvélarnar og verður formleg afhending síðar í þessari viku.
6. Ásgerður sagði frá Vinaliðaverkefni sem stjórendur fá kynningu á síðar í vikunni og hugmynd er að innleiða í skólastarf Njarðvíkurskóla. Búið er að fá vilyrði fyrir styrk frá Kvenfélaginu Njarðvík sem og Foreldrafélagi Njarðvíkurskóla til að standa straum af kosnaði við verkefnið. Jenný Magnúsdóttir, formaður foreldrafélagsins, sagði að svona verkefni væru mikilvæg í því að stuðla að ábyrgð nemenda á miðstigi sem og gott hópefli fyrir þau.
7. Önnur mál:
 - a. Rætt um að hefðbundin jóladagskrá er núna á aðventunni, farið var í kirkjuferð og póstur sendur heim á foreldra áður þannig að þeir



-
- nemendur sem eru með aðra trú fengu að vera í öðrum verkefnum í skóla á meðan.
- b. Rætt um þróunarverkefni sem kennarar skólans eru að taka þátt í hjá dr. Ingvari Sigurgeirssyni. Margar góðar hugmyndir af verkefnum eru í bígerð hjá kennurum sem verður fróðlegt að fylgjast með.
 - c. Brynja Vigdís, fulltrúi foreldra, spurði hvort nemendur fengu ekki öruggleg ábót á matinn en það hefur verið umræða um að slíkt sé ekki leyft. Hulda María, fulltrúi starfsmanna, sem er til aðstoðar í sal í hádegishléi, sagði aðnemendur fengu ábót ef þeir óskuðu (þó ekki t.d. hamborgara/pítur).
 - d. Næsti fundur verður í janúar/febrúar 2015

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri